

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar nr. 99/2013.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. samþykktarinnar:

- a) 6. tölul. 2. mgr. greinarinnar verður svohljóðandi:
Fundargerðir nefnda skulu fylgja með til kynningar.
- b) 5. mgr. greinarinnar fellur brott.

2. gr.

f. liður 16. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Ávarp ræðumanns. Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi skal ávarpa einstaka bæjarfulltrúa með fullu nafni. Ekki má lesa prentað mál nema forseti leyfi.

3. gr.

Í lok 1. mgr. 28. gr. samþykktarinnar fellur brott „kl. 9.00.“

4. gr.

4. mgr. 28. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Pá fer bæjarráð með yfirumsjón kjaramála bæjarstarfsmanna og skipar fulltrúa í kjarasamninga-nefnd, setur henni erindisbréf og ber ábyrgð á störfum nefndarinnar.

5. gr.

47. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir. Bæjarstjórn kýs formenn og varaformenn nefnda skv. A- og B-lið:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert.

Bæjarráð. Fimm aðalfulltrúar sem sæti eiga í bæjarstjórn og fimm til vara skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Bæjarráð fer með fjárhagsmálefni bæjarins sbr. 32. gr. samþykktar þessarar, kjaramál, málefni stjórnarsýslu og innra stjórnskipulag Akureyrarbæjar. Pá fer nefndin með málefni íbúalýðræðis og hverfisnefnda.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar nefndir kosnar:

1. *Velferðarráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn málefna aldraðra. Pá sér ráðið auk þess um framkvæmd laga um húsnæðismál nr. 44/1998, önnur en fjárhagsmál sem heyra undir bæjarráð.
2. *Framkvæmdaráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin fer með stjórn Fasteigna Akureyrarkaupstaðar, málefni Slökkviliðs Akureyrar og Strætisvagna Akureyrar og málefni laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.
3. *Íþróttaráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Ráðið fer með málefni íþróttar og hollrar hreyfingar. Pá fer ráðið með málefni íþróttamannvirkja.
4. *Samfélags- og mannréttindaráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Ráðið fer með framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 en að auki sér ráðið um framkvæmd fjölskyldustefnu Akureyrarkaupstaðar, vinnu að forvörnum og er bæjarstjórn til ráðuneytis um áfengis- og vímuvarnamál. Ráðið fer einnig með tómsundamál.
5. *Skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Skipulagsnefnd annast störf þau er skipulags- og byggingarnefnd er falið skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 6. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008. Auk þess fer nefndin með málefni leikskóla skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
7. *Stjórn Akureyrarstofu*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin fer með menningarmál og málefni ferðaþjónustu ásamt kynningu og markaðssetningu bæjarfélagsins. Þá fer nefndin með störf stjórnar almenningsbókasafna skv. bókasafnalögum nr. 150/2012.
8. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin fer með umhverfismál, náttúruvernd og sorpmál. Þá fer nefndin með málefni Staðardagskrár 21.
9. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin fer með atvinnumál í sveitarfélaginu.
10. *Kjörstjórn*. Þrjú aðalmenn og þrjú til vara. Kjörstjórn fer með verkefni kjörstjórnar við alþingiskosningar skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og yfirkjörstjórnar við bæjarstjórnarkosningar skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

C. Tilnefningar þingfulltrúa hjá samtökum sveitarfélaga og í stjórnir:

1. *Almannavarnanefnd Eyjafjarðar*. Tveir aðalmenn og tveir til vara, sbr. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
2. *Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar*. Þrjú aðalmenn og einn til vara, sbr. samþykkt stofnfundar frá 15. nóvember 1998 og stofnsamning Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar bs. Þessir stjórnarmenn skulu kosnir árlega fyrir aðalfund Atvinnuþróunarfélagsins.
3. *Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar*. Fjórir aðalmenn og fjórir til vara skv. III. kafla og 87. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 2.1. gr. í samningi um stofnun á sameiginlegri barnaverndarnefnd frá 24. nóvember 1999.
4. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
5. *Hafnasamlag Norðurlands*. Fimm aðalmenn og fimm til vara, skv. lögum um hafnamál nr. 61/2003 og sbr. stofnsamning frá 28. desember 1996.
6. *Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
7. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fimm þingfulltrúar og fimm til vara skv. 7. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.
8. *Eyþing, samtök sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum*. Níu aðalmenn og níu til vara, sbr. samþykkt aðalfundar Eyþings frá 9. október 2010.
9. *Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra*. Einn aðalmaður og einn til vara samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og samþykkt frá 2. febrúar 1988.
10. *Skólanefndir Menntaskólans á Akureyri og Verkenntaskólans á Akureyri*. Bæjarstjórn tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara í hvora nefnd til Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar sem kys í nefndirnar skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.
11. *Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarkaupstaðar*. Tveir aðalmenn úr hópi bæjarfulltrúa og tveir til vara. Jafnframt eiga sæti í stjórninni sjóðsfélagar tilnefndir af Kili og tveir til vara og bæjarstjóri sem er formaður, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarkaupstaðar frá 16. maí 2012.

D. Aðrar nefndir sem stofnaðar verða.

E. Verkefnabundnar nefndir:

Bæjarstjórn og bæjarráð geta skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar eða fyrir ef verki nefndarinnar er lokið. Bæjarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

6. gr.

2. mgr. 48. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði og bæjarstjórn.

7. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 4. mgr. 49. gr. samþykktarinnar:
Í stað orðsins „starfsmanni“ kemur: starfsmönnum.

8. gr.

56. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni, ákvæðum ráðningarsamninga, reglum um ábyrgðarmörk, hlutverki stjórnenda, mannauðsstefnu og jafnréttisstefnu.

9. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 27. apríl 2015.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.